



**Fundargerð
Oddvitanefndar
uppsveita Árnassýslu**



Fundur nr. 1 –13.09.2018

1. fundur Oddvitanefndar uppsveita Árnassýslu (kjörtímabilið 2018 – 2022) var haldinn á skrifstofu Umhverfis- og tæknisviðs á Laugarvatni, fimmtudaginn 13. september 2018 kl 8:30.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Kosning formanns og prófkúruhafa

Samþykkt samhljóða að Ása Valdís verði formaður nefndarinnar og þar með prókúruhafi. Skoðað að Svanhildur Hrönn Pétursdóttir hafi aðgang að reikningum til að auðvelda hennar vinnu en hún er tilbúin að vinna áfram fyrir nefndina eins og hún hefur gert síðustu ár.

2. Bréf frá Verndarsjóði Skálholtskirkju þar sem óskað er eftir styrk vegna viðgerða á listgluggum kirkjunnar.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Jóni Sigurðssyni, formanns Verndarsjóðs Skálholtskirkju, dags. 25. ágúst 2018 þar sem óskað er eftir styrk vegna viðgerða á listgluggum kirkjunnar. Oddvitanefnd samþykkir að leggja til 1.400.000 til Verndarsjóðs Skálholtskirkju árið 2018.

3. Næsti fundur

Ákveðið var að halda næsta fund mánudaginn 29. október klukkan 17:00. Formanni falið að kanna hjá Héraðsskjalasafni og sýsluskrifstofu með gögn og aðrir nefndarmenn athuga með gögn í sínu héraði.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:00